SKÁTAÞING 2021

Rafrænt skátaþing



Þriðjudagur 13. apríl 19:00-22:40

Þingforseti: Jón Þór Gunnarsson

Fundarritarar: Kolbrún Ósk Pétursdóttir og Védís Helgadóttir

Efnisyfirlit

1. Setning	3
2. Kosningar	3
Kosning fundarstjóra og fundarritara	3
Dagskrárbreytingartillaga	3
Kosning í kjörnefnd og allsherjarnefnd	3
3. Inntaka nýrra skátafélaga	4
4. Skýrsla stjórnar síðasta almanaksár kynnt og rædd	4
5. Úthlutun úr styrktarsjóði skáta	4
6. Breyting á dagskrá	4
7. Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir og ræddir	4
8. Tillaga að félagsgjaldi skáta til BÍS kynnt og rædd	5
9. Fjárhagsáætlun BÍS fyrir næstu 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta, kynnt og ræ	edd5
10. Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun	5
11. Niðurstaða kjörnefndar kynnt	6
12. Staðfesting á skipan félagsforingjafundar	6
13. Kosningar	6
Reikningar BÍS:	6
Tillaga að félagsgjaldi:	6
Fjárhagsáætlun BÍS:	6
Starfsáætlun BÍS. Kosning um sviðsmynd 1 eða 2:	6
Starfsáætlun BÍS í heild sinni:	
Staðfesting félagsforingjafundar:	6
14. Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar	7
15. Lagabreytingar - umræður	7

16. Kosningar um lagabreytingartillögur	12
17. Kynningar frá skátafélögum	13
18. Önnur mál	13
19. Þingslit	14

1. Setning

Marta Magnúsdóttir, skátahöfðingi, setti þingið. Hún byrjaði á að bjóða alla velkomna og sagði frá því að þann 17.-19. september verður annað Skátaþing haldið þar sem við munum hittast, ræða málin og hafa gaman saman. Svo þakkaði hún fyrir hönd stjórnar BÍS öllum fyrir framlag sitt undanfarin ár. Að lokum fór hún yfir dagskrá þingsins og óskaði öllum góðs kvölds án alls tæknivanda.

2. Kosningar

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stungið var upp á Jóni Þóri Gunnarssyni sem fundarstjóra og Kolbrúnu Ósk Pétursdóttur og Védísi Helgadóttur sem fundarriturum.

Samþykkt samhljóða.

Jón Þór, fundarstjóri, flutti ávarp þar sem hann bauð alla velkomna. Hann benti þinggestum á að öll gögn um skátaþing væru á heimasíðu skátaþingsins: www.skatarnir.is/skatathing-2021. Að lokum útskýrði hann hvernig þinginu yrði háttað.

Dagskrárbreytingartillaga

Fram kom dagskrárbreytingartillaga þar sem fimm liðum var bætt inn í dagskrána:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Kosning í kjörnefnd og allsherjarnefnd
- Úthlutun út styrktarsjóði skáta
- Niðurstaða kjörnefndar kynnt
- Staðfesting á skipan félagsforingjafundar

Dagskrárbreytingartillagan var samþykkt

Kosning í kjörnefnd og allsherjarnefnd

Stjórn BÍS lagði til að eftirfarandi skipi kjörnefnd:

Guðjón Hafsteinsson, Segli Inga Auðbjörg K. Straumland, SSR Jón Andri Helgason, Árbúum

Stjórn BÍS leggur til að eftirfarandi skipi allsherjarnefnd:

Auður Eygló Andrésdóttir, Landnemum Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir, Mosverjum Inga Úlfsdóttir, Fossbúum Jóhann Malmquist, Klakki Pjetur Már Hjaltason, Ægisbúum

Samþykkt samhljóða. Kjörnefnd hefur störf.

3. Inntaka nýrra skátafélaga

Ekkert skátafélag hefur óskað eftir inngöngu að þessu sinni. Marta Magnúsdóttir sagði frá því að verið sé að undirbúa stofnun nýs skátafélags utan höfuðborgarsvæðisins.

4. Skýrsla stjórnar síðasta almanaksár kynnt og rædd

Marta Magnúsdóttir, skátahöfðingi, kynnti skýrslu stjórnar BÍS frá árinu 2020. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu skátanna: www.skatarnir.is/skatathing-2021.

5. Úthlutun úr styrktarsjóði skáta

Marta Magnúsdóttir, skátahöfðingi, sagði frá Styrktarsjóði skáta og hvatti alla til að nýta sér hann.

Eftirfarandi eru styrkhafar:

- Kópar. Styrkur fyrir Skátaskálann Þrist. 200.000 kr.
- Rekkaskátar í Garðbúum, Ægisbúum og Skjöldungum. Minecraft. 50.000 kr.
- Klakkur. Vetraráskorun á gönguskíðum. 90.000 kr.

6. Breyting á dagskrá

Fundarstjóri lagði til að breyting yrði gerð á dagskrá. Hann stakk upp á því að kynningar og umræður á næstu fjórum liðum yrðu teknar á meðan kjörnefnd ynni að því að skila niðurstöðum sínum, þegar þær lægju fyrir yrði farið í kosningar.

Samþykkt samhljóða.

7. Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir og ræddir

Kristinn Ólafsson, framkvæmdarstjóri BÍS, kynnti ársreikninga BÍS 2020. Hann benti fólki á kynningu um reikningana sem liggur í rafrænni gagnagátt Skátaþings. Hann sagði frá því að endurskoðendur væru ánægðir með innri verkferla BÍS auk þess sem skoðunarmenn voru ánægðir með hvernig BÍS vinnur með gögn og annað tengt bókhaldi.

BÍS er með fastan ríkisstyrk sem hefur verið nokkuð stöðugur milli ára en hann hækkar þó aðeins milli ára. Styrkurinn rann út um áramótin og var ákveðið að lengja hann um ár vegna ástandsins sem ríkir í samfélaginu en reynt verður að ná nýjum þriggja ára samningi á næsta ári

Kristinn sagði frá því helsta í rekstrargjöldum en þar voru laun aðeins hærri í ár þar sem starfsmaður var ráðinn inn sérstaklega fyrir skátaskólann. Bandalagið er nokkurn veginn í fjárhagslegu jafnvægi en BÍS varð af miklum tekjum vegna COVID-19 en slapp þó ágætlega frá faraldrinum.

Þá fór Kristinn yfir efnahagsreiknings BÍS en það sem hefur mest áhrif á hann er að vörslureikningur Berent og Laufeyjar var inni í efnahagsreikningi BÍS í fyrra en var færður í sér sjóð og er því ekki lengur inni í rekstri bandalagsins.

Rekstur Grænna skáta gengur vel og var 30% aukning á tekjum félagsins á milli ára. Afkastageta hefur aukist og starfsfólki og viðskiptavinum fjölgað. Rekstur Skátabúðarinnar gengur einnig vel og er það sérstaklega vegna sölu á sígrænum jólatrjám. Háar afskriftir Skátabúðarinnar skýrast af því að Tjaldaleiga skáta var seld til Skátasambands Reykjavíkur. Kaupverðið, sem er 4 milljónir, verður notað í tjaldaleigu í framtíðinni. Einnig átti eftir að afskrifa búnað sem keyptur var fyrir World Scout Moot en hafði verið gefinn skátafélögunum og var þessi búnaður afskrifaður nú á árinu vegna góðrar stöðu Skátabúðarinnar. Hjá Skátamótum var tap sem hlaust af því að aflýsa þurfti Landsmóti skáta 2020 vegna COVID-19. Einnig var European Jamboree aflýst og tap hlaust einnig af því. Tap varð á rekstri ÚSÚ og skýrist það helst af því að fáir hópar komu í skólabúðirnar og engir erlendir hópar komu.

8. Tillaga að félagsgjaldi skáta til BÍS kynnt og rædd

Kristinn Ólafsson, framkvæmdarstjóri BÍS, kynnti tillögu stjórnar BÍS að félagsgjaldi:

Stjórn BÍS leggur til við Skátaþing 2021 að árgjald skátafélaganna til BÍS verði óbreytt, 580 krónur fyrir hvern starfandi skáta starfsárið 2021-2022.

9. Fjárhagsáætlun BÍS fyrir næstu 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta, kynnt og rædd

Kristinn Ólafsson, framkvæmdarstjóri BÍS, kynnti fjárhagsáætlun BÍS 2021-2022. Hann talaði um að það væri margir óvissuþættir í 2021 og því var ákveðið að stíga varlega til jarðar.

Kristinn sagði frá því að rekstur gengur mjög vel hjá Grænum skátum og sagðist hann vera bjartsýnn á að rekstur Úlfljótsvatns verði sjálfbær. Hann sagði einnig frá því að framtíðin væri björt hjá Skátamótum þar sem viðburðir verða í sumar og einnig býr Skátamót yfir því að hafa átt gott Moot 2017. Áætlað er að staða Skátamóta verði skoðuð og athugað hvað Skátamót geta stutt mikið við bandalagið í framtíðinni.

10. Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun

Marta Magnúsdóttir, skátahöfðingi, kynnti starfsáætlun BÍS. Hún minnti skáta á að það má breyta starfsáætluninni og geta skátar komið með hugmyndir um viðburði og námskeið. Ekki hafa verið ákveðnar dagsetningar fyrir alla viðburði.

Ákveðið var að kjósa um tvær sviðsmyndir af skátamótum næstu ára.

Sviðsmynd 1: Aldursbilamót haldið 2022 og Landsmót skáta haldið 2024. Sviðsmynd 1 er í raun sú áætlun sem hefur verið samþykkt en vegna umræðu meðal skáta ákvað stjórn að stinga einnig upp á annarri sviðsmynd.

Sviðsmynd 2: Aldursbilamót haldið 2024 og Landsmót skáta haldið 2022. Landsmót yrði þá haldið á Úlfljótsvatni.

Umræður: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, Kópum. Sunna Dís Helgadóttir, Skjöldungum. Unnur Líf Kvaran, Skjöldungum. Sædís Ósk Helgadóttir, Garðbúum.

11. Niðurstaða kjörnefndar kynnt

Inga Auðbjörg K. Straumland, formaður kjörnefndar, kynnti niðurstöður kjörnefndar og fjölda atkvæða hjá hverju skátafélagi:

Árbúar 3 - Eilífsbúar 1 - Fossbúar 4 - Garðbúar 4 - Heiðabúar 4 - Hraunbúar 4 - Klakkur 3 - Kópar 4 - Landnemar 4 - Mosverjar 2 - Segull 4 - Skjöldungar 4 - Vífill 4 - Vogabúar 4 - Ægisbúar 2

Samtals 51 gild atkvæði. 43% í höndum ungmenna.

12. Staðfesting á skipan félagsforingjafundar

Sigurður Viktor Úlfarsson, formaður uppstillingarnefndar BÍS, var með framsögu. Hann sagði frá því að stjórnarmeðlimur BÍS hafi hætt í stjórn í janúar og því hafi uppstillingarnefnd þurft að búa til verklag til að finna nýjan stjórnarmeðlim til þess að uppfylla lögin. Uppstillingarnefnd auglýsti lausa stjórnarstöðu. Eitt framboð barst, frá Huldari Hlynssyni, og það framboð var tilkynnt til skátafélaganna meira en 17 dögum fyrir félagsforingjafund. Á félagsforingjafundi, sem haldinn var 1. mars, var Huldar Hlynsson skipaður í stjórn BÍS. Í lögunum stendur hins vegar að stjórnarmeðlimur sé skipaður til næsta aðalfundar, þ.e. þangað til nú á þessu Skátaþingi. Sigurður lagði til að niðurstaða félagsforingjafundarins yrði lögð fram til Skátaþings til staðfestingar og að kosið yrði um hvort skipan Huldars yrði út kjörtímabilið. Hafni Skátaþing þessu þyrfti að auglýsa stöðuna aftur og halda annað Skátaþing.

Tillaga Sigurðar um að staðfesta kosningu félagsforingjafundar er samþykkt.

13. Kosningar

Reikningar BÍS:

Samþykkt 49/1

Tillaga að félagsgjaldi:

Sambykkt 48/0.

Fjárhagsáætlun BÍS:

Samþykkt 45/0. Tveir tóku ekki afstöðu.

Starfsáætlun BÍS. Kosning um sviðsmynd 1 eða 2:

Sviðsmynd 1: 32 atkvæði

Sviðsmynd 2: 18 atkvæði

Sviðsmynd 1 samþykkt 32/18

Starfsáætlun BÍS í heild sinni:

Samþykkt 44/3

Staðfesting félagsforingjafundar:

Samþykkt 47/0

14. Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir lagði fram þingsályktunartillögu um jafnréttis- og mannréttindastefnu BÍS. Þórhildur sagði frá því að nánast öll skátabandalög væru með slíka stefnu og að í stefnu BÍS til 2025 komi fram að BÍS þurfi að semja slíka stefnu og að best væri að gera það sem fyrst.

Umræður: Þórhallur Helgason, BÍS.

Samþykkt 49/0.

15. Lagabreytingar - umræður

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir setti fram 12 lagabreytingartillögur og flutti þær allar:

9. grein laga um auðveldara aðgengi ungra skáta að stjórn skátafélags.

Skátafélögum innan BÍS er skylt að setja sér lög. Í vörslu BÍS skal jafnan vera eintak af gildandi félagslögum viðkomandi skátafélags. Í lögum hvers skátafélags skulu a.m.k. vera ákvæði um eftirfarandi:

- Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega. Stjórn BÍS er heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn. Fundarboð skal sent skrifstofu BÍS.
- Í félaginu skal starfa minnst 3ja manna stjórn sem funda skal að jafnaði mánaðarlega. Þar á meðal skulu vera félagsforingi, aðstoðarfélagsforingi og gjaldkeri. Enginn stjórnarmeðlimur má gegna fleiri en einu þessara embætta.
- Æskilegt er að minnst einn stjórnarmanna skátafélags með aðild A sé á aldrinum 18-25 ára.
- Í félaginu skal starfa foringjaráð og/eða félagsráð þar sem skátaforingjar og stjórn félagsins eiga sæti. Foringjaráð og/eða félagsráð skal funda eigi sjaldnar en þrisvar á ári.
- Stjórn og foringjaráð skulu skipuð fólki af fleiri en einu kyni og kynjahlutföll vera sem jöfnust sé því við komið.
- Hvernig staðið skuli að úrsögn félagsins úr BÍS.
- Hvernig staðið skuli að því að leggja starfsemi félagsins niður.
- Hverjir skulu fara með eignir félagsins hætti það störfum. Þessir aðilar eru skyldugir til þess að ráðstafa eignunum í samráði við stjórn BÍS.

Lagabreytingartillaga

Þar sem nú segir:

Æskilegt er að minnst einn stjórnarmanna skátafélags með aðild A skal vera á aldrinum 18-25 ára.

Sé orðið "æskilegt" fellt úr svo eftir standi:

Minnst einn stjórnarmanna skátafélags með aðild A skal vera á aldrinum 18-25 ára.

Ný 16. grein skátalaga um árlegt Ungmennaþing

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennaþings. Til Ungmennaþings skal boða með minnst 6 vikna fyrirvara. Ungmennaþing skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir skátaþing ár hvert. Ungmennaþing er vettvangur fyrir skáta 25 ára og yngri til að koma saman og ræða málefni er varða þau sérstaklega. Á Ungmennaþingi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátaþing ár hvert ásamt því að

kjósa á kosningaári áheyrnafulltrúa ungmenna í stjórn BÍS og a.m.k. þrjá fulltrúa í ungmennaráð. Aðeins eru kjörgengir þeir skáta sem eru 25 ára eða yngri á því ári sem kosið er.

Auka Ungmennaþing skal halda ef stjórn eða ungmennaráð telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara. Auka Ungmennaþing er undanskilið því skilyrði að Ungmennaþing skal vera haldið minnst fimm vikum fyrir skátaþing ár hvert.

Sé þessi lagabreytingartillaga samþykkt verður núverandi 16. grein að 17. grein, 17. grein að 18. grein og svo framvegis.

18. grein um auðveldara aðgengi ungmenna að Skátaþingi auk embætta og ráða innan BÍS.

Á vegum BÍS skal ætíð starfa sérstök 5 manna uppstillingarnefnd, kosin á Skátaþingi til tveggja ára. Í nefndinni skal vera a.m.k. einn einstaklingur sem er 25 ára eða yngri á því ári sem nefndin er skipuð. Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

Uppstillingarnefnd skal leita eftir fólki til starfa fyrir Bandalag íslenskra skáta samkvæmt því sem fram kemur í 18. grein, 20. grein, 22. grein, 23. grein, 26. grein og 28. grein laga þessara og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi. Við störf sín skal uppstillingarnefnd ávallt leita eftir hæfum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hægt er, að jafnræði sé með kynjunum í stjórn, nefndum og ráðum BÍS.

Framboð til áðurnefndra embætta má tilkynna til nefndarinnar og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Framboð skulu hafa borist í síðasta lagi 3 vikum fyrir Skátaþing. Nefndin skal ljúka störfum í síðasta lagi 17 dögum fyrir þing. Nöfn, netföng og símanúmer nefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til Skátaþings.

Stjórn BÍS skal kalla uppstillingarnefnd saman í síðasta lagi 15. janúar.

Lagabreytingartillaga:

Að í fyrstu málstein bætist við eftirfarandi texti:

Á vegum BÍS skal ætíð starfa sérstök 5 manna uppstillingarnefnd, kosin á Skátaþingi til tveggja ára. <mark>Í nefndinni skal vera a.m.k. einn einstaklingur sem er 25 ára eða yngri á því ári sem nefndin er skipuð.</mark> Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

18. grein um jafna aldursdreifingu í ráðum, nefndum og stjórnum.

Lagabreytingartillaga:

Þar sem nú segir:

Við störf sín skal uppstillingarnefnd ávallt leita eftir hæfum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hægt er, að jafnræði sé með kynjunum í stjórn, nefndum og ráðum BÍS.

Verði nú:

Við störf sín skal uppstillingarnefnd ávallt leita eftir hæfum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hægt er, að jafnræði sé með kynjunum í stjórn, nefndum og ráðum BÍS sem og að aldursdreifing sé sem jöfnust.

19. grein um atkvæði ungmenna á Skátabingi

Rétt til setu á Skátaþingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt: Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunngildum BÍS sé að ræða.

B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍS
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátaþings

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Kjörbréfanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði sé dráttur á afhendingu tilkynnt tímanlega og henni fylgi skriflegur rökstuðningur. Kjörbréfanefnd skal meta hvað teljast gildar ástæður í þessu sambandi. Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátaþingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu. Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsforingja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátaþings.

Lagabreytingartillaga:

Þar sem nú segir:

Æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Verði:

Skal minnst eitt atkvæði bundið einstakling 25 ára og yngri.

19. grein um atkvæðisrétt ungmenna á Skátaþingi:

Lagabrevtingartillaga:

Þar sem nú segir:

Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.

Verði:

Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar.

20. grein um þátttöku ungmenna í kjörnefnd og allsherjarnefnd á Skátaþingi

Stjórn BÍS gerir tillögu að dagskrá Skátaþings og niðurröðun dagskrárliða.

Í upphafi Skátaþings skal borin upp tillaga stjórnar BÍS að dagskrá Skátaþings. Einnig skal kosið í 3ja manna kjörnefnd er fjallar um réttmæti þingfulltrúa og atkvæðafjölda á þinginu og 5 manna allsherjarnefnd sem vinnur úr og samræmir álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til. Aðeins þingfulltrúar þeirra félaga sem staðið hafa skil á gögnum

og greiðslum skv. 10. grein hafa kjörgengi í nefndirnar. Ef ágreiningur er innan þingnefnda við ákvarðanatöku ræður meirihluti nefndarmanna og er ákvörðun þingnefnda endanleg.

Á þinginu gilda almenn fundarsköp.

Eftirtaldir dagskrárliðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni:

- Setning Skátaþings
- Inntaka nýrra skátafélaga
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta, kynnt, rædd og afgreidd
- Tillaga að félagsgjaldi skáta til BÍS kynnt, rædd og afgreidd
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun
- Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar
- Kynningar frá skátafélögum
- Önnur mál
- Þinaslit

Eftirtaldir dagskrárliðir skulu koma fram á kosningaári:

- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar
- Kosning uppstillingarnefndar skv. 18. grein
- Kosning stjórnar skv. 22. grein
- Kosning löggilts endurskoðanda skv. 26. grein
- Kosning þriggja manna skoðunarnefndar skv. 26. grein

Lagabrevtingartillaga:

Þar sem nú segir:

Einnig skal kosið í 3ja manna kjörnefnd er fjallar um réttmæti þingfulltrúa og atkvæðafjölda á þinginu og 5 manna allsherjarnefnd sem vinnur úr og samræmir álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til.

Sé eftirfarandi ákvæði bætt við:

Einnig skal kosið í 3ja manna kjörnefnd er fjallar um réttmæti þingfulltrúa og atkvæðafjölda á þinginu og 5 manna allsherjarnefnd sem vinnur úr og samræmir álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til. Í nefndunum skal a.m.k. einn fulltrúi vera 25 ára eða yngri.

20. grein um kjörgengi ungmenna.

Lagabreytingartillaga:

Þar sem segir:

• Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar

Verði:

• Kosningar: Kjörgengir til stjórnar eru allir lögráða skátar og kjörgengir til annara embætta, nefnda eða ráða eru allir starfandir skátar.

21. grein laga um áheyrnarfulltrúa ungmenna.

Lagabreytingartillaga:

Við fyrstu málsgreinina bætist eftirfarandi ákvæði við:

Stjórn BÍS stýrir starfsemi BÍS á milli Skátaþinga í umboði þess. Stjórn BÍS skal skipuð sjö skátum: skátahöfðingja, gjaldkera og fimm meðstjórnendum. <mark>Að auki skal áheyrnarfulltrúi ungmenna sem kjörin er á ungmennaþingi sitja í stjórn BÍS og skal sá fulltrúi vera 25 ára eða yngri. Áheyrnarfulltrúi ungmenna er með málfrelsi og tillögurétt á fundum stjórnar.</mark>

25. grein um fjölgun í fastaráð

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt fimm fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, útilífsráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið á ungmennaþingi. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði skátaþings.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

- Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarforingja og flokksforingja.
- Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.
- Hlutverk útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.
- Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.
- Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunngildum Bandalags íslenskra skáta.

Lagabreytingartillaga:

Þar sem segir:

Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði skátaþings.

Verði:

Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði skátaþings eða fundarboði ungmennaþings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.

25. grein um aldurstakmark ungmennafulltrúa í fastaráði BÍS

Lagabreytingartillaga:

Þar sem nú segir:

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára.

Verði:

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi sem er 25 ára eða yngri.

25. grein um aldurstakmark skáta í ungmennaráði

Lagabreytingartillaga:

Þar sem nú segir:

Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Verði:

Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera 25 ára eða yngri á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Greinargerð frá Þórhildi Elínardóttur Magnúsdóttur um lagabreytingartillögurnar:

Skátarnir eru ungmennahreyfing með yfirsett markmið að styðja við og efla ungmennalýðræði. Um þetta markmið er t.d. fjallað í stefnu BÍS til ársins 2025. Þessar lagabreytingar eru allar þess efnis að auðvelda eða tryggja aðgengi ungra skáta að Skátaþingi sem og embættum og ráðum innan BÍS, og þar með efla þátttöku þeirra í lýðræðislegum ferlum innan skátanna. Þau abstrakt aldursviðmið sem að tekin eru fyrir hér fyrir ofan gera lítið annað en að hefta aðgengi skáta á ákveðnum aldri að ákveðnum ferlum eða embættum. Breytingarnar eru til þess gerðar að opna lögin enn frekar en tryggja ennþá að þátttaka ungs fólks sé höfð í hávegum með ákvæðum sem mæla til þess að það sé ungt fólk í stjórn, ráðum og með atkvæði á þinginu. Þannig er t.d. lagt til að í stjórn BÍS sé áheyrnarfulltrúi ungmenna sem skal vera 25 ára eða yngri. Landslög heimila ekki að einstaklingar sitji í stjórnum félaga hafi þeir ekki náð 18 ára aldri en áheyrnarfulltrúar sem ekki hafa atkvæðisrétt mega vera á hvaða aldri sem er. Með því að bæta við áheyrnarfulltrúa í stjórn BÍS fá ungmenni í skátunum undir 18 ára aldri tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri í stjórn BÍS. Auk þess er ein lagabreytingin þess efnis að tryggja að ungmennaþing verði haldið árlega, bæði til að tryggja að ungmenni fái tryggðan öruggan viðburð til að koma sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur ár hvert fyrir Skátaþing ásamt því að kjósa ungmennafulltrúa og í ungmennaráð annað hvert ár.

Umræður: Þórhallur Helgason, BÍS og Segli. Helgi Þór Guðmundsson, Vogabúum. Egle Sipaviciute, Garðbúum. Jón Lárusson, Fossbúum. Sunna Dís Helgadóttir, Skjöldungum.

16. Kosningar um lagabreytingartillögur

9. grein laga um auðveldara aðgengi ungra skáta að stjórn skátafélags.

Felld 32/16. Tveir sátu hjá.

Ný 16. grein skátalaga um árlegt Ungmennaþing og 21. grein laga um áheyrnarfulltrúa ungmenna.

Samþykkt 43/6. Einn sat hjá.

18. grein um auðveldara aðgengi ungmenna að Skátaþingi auk embætta og ráða innan BÍS.

Felld 30/18. Tveir sátu hjá.

18. grein um jafna aldursdreifingu í ráðum, nefndum og stjórnum.

Samþykkt 43/7.

19. grein um atkvæði ungmenna á Skátaþingi

Felld 29/20. Einn tók ekki afstöðu.

19. grein um atkvæðisrétt ungmenna á Skátaþingi

Felld 28/22.

20. grein um þátttöku ungmenna í kjörnefnd og allsherjarnefnd á Skátaþingi

Felld 24/26.

20. grein um kjörgengi ungmenna.

Felld 24/26.

25. grein um fjölgun í fastaráð

Samþykkt 38/4. Sjö tóku ekki afstöðu.

25. grein um aldurstakmark ungmennafulltrúa í fastaráði BÍS

Felld 26/24.

25. grein um aldurstakmark skáta í ungmennaráði

Felld 27/22.

17. Kynningar frá skátafélögum

Engar kynningar bárust frá skátafélögum.

18. Önnur mál

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, Kópum, fannst of lítið af nýttum atkvæðum á þessu Skátaþingi. Hún velti því upp hvort að betur hefði mátt auglýsa þingið og dagskrá þess. Þórhildur velti því einnig upp hvort skátar séu að trassa tækifærið til þess að hafa áhrif. Þórhildur minnti þinggesti á að Skátaþing skiptir máli og að það skipti máli að mæta á það og að ekki megi tala það niður. Þórhildur batt vonir við að atkvæðisrétturinn verði fullnýttur á næsta Skátaþingi.

Ragnheiður Silja Kristjánsdóttir, Garðbúum, hvatti fólk til þess að minna skáta á að skrá sig á Skátasumarið og minnti á að skráningarfrestur væri til 30. apríl.

Harpa Ósk, BÍS, þakkaði fyrir frábæran aðalfund og sagði frá því að í haust verði haldinn aðalfundur þar sem farið verður yfir hvatakerfi og umgjörð í skátastarfi. Auk þess verður Kveikjan haldin í ágúst en það er nýr viðburður þar sem smiðjur verða opnar fyrir skáta, skátafélög og skátaforingja til að mæta, læra nýja hluti og undirbúa veturinn.

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, Kópum, hvatti stjórn BÍS til að gera skoðanakönnun á því hvort vikan sem áætlað sé að halda Kveikjuna henti skátaforingjum.

19. Þingslit

Jón Þór þakkaði fyrir sig og sleit fundi og gaf orðið til Mörtu Magnúsdóttur, skátahöfðingja.

Marta Magnúsdóttir flutti lokaorð þar sem hún þakkaði þinggestum fyrir þann áhuga sem þau sýna börnum og ungmennum á landinu og að við skyldum halda áfram að bjóða upp á besta æskulýðsstarf í heiminum. Þá minnti hún þinggesti á Skátaþingið sem verður haldið í september. Að lokum var bræðralagssöngurinn sunginn þar sem þinggestir tóku vel undir.